Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 07.05. 2018. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.30 - 16:00**

**Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir, Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir, Hrönn Garðarsdóttir, Helga Helgadóttir (fjarverandi), Hugrún Helga Ketel (fjarverandi), Björgvin Franz Gíslason, Unnur Jónsdóttir, Berghildur Björt Egilsdóttir og Elín Björg Símonardóttir.**

## Dagskrá:

### 1. Nýtt skipurit skólans

Skólastjóri kynnti nýtt skipurit skólans sem tekur gildi næsta skólaár þó þegar sé farið að vinna eftir því að hluta. Helstu breytingar eru að búið er að bæta við öðrum aðstoðarskólastjóra en Guðbjörg Norðfjörð hefur verið ráðin í það starf. Verkaskipting milli þessara tveggja aðstoðarskólastjóra er í megin atriðum þannig að annar mun sjá um verkefni sem tengjast almennu skólastarfi en hinn málum sem snúa að sérþörfum nemenda og sérverkefnum í skólastarfinu. Áfram eru deildarstjórar yfir stigum, stoðþjónustu og Tómstundamiðstöð. Skólastjóri mun sjá um leiðtoga og rekstrarmál ásamt almennri stjórnun (rekstur og ráðningar). Stjórnendur skólans eru að endurskoða verkefni sín á milli og yfirfara starfslýsingar út frá skipuritinu. Þeirri vinnu mun ljúka í júní.

### 2. Skólalóð

Ágætis gangur er í umbótavinnu sem snýr að lagfæringum á skólalóð Hraunvallaskóla. Búið er að velja kastala og útfæra hjólabrettaaðtöðu sem verður á handboltavellinum. Ekki er búið að skipuleggja hvaða leikir verða málaðir á malbikið og óljóst er hversu mikið svigrúmið er til að bæta við tækjum á skólalóðina þar sem stærsti hluti upphæðarinnar mun fara í kastalann og hjólabrettaaðstöðuna. Skólastjóri vinnur málið áfram.

### 3. Mat á skólastarfi

Á síðasta skólaráðsfundi var óskað eftir að fá upplýsingar um framvindu á umbótastarfi. Skólastjóri upplýsti um stöðu mála en umbótavinnan er í góðum gangi. Næsti fundur í matsteymi skólans er 11. maí þar sem dregin verður upp lokastaðan. Umbótateymi skólans á eftir að hittast í nokkur skipti enn og unnið er að lokaskýrslu til MMS og verið er að leggja drög að umbótaverkefnum fyrir næsta skólaár.

*Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland*